

Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Efni: Ósk um endurnýjun samstarfssamnings Kópavogsbæjar og Skógræktarfélags Kópavogs

Með bréfi þessu er vinsamlegast óskað eftir því, fyrir hönd stjórnar Skógræktarfélags Kópavogs, að samstarfssamningur Kópavogsbæjar og Skógræktarfélags Kópavogs frá árinu 2022 verði endurnýjaður með það að markmiði að styrkja fjárhagsstöðu Skógræktarfélagsins þannig að félagið sé betur í stakk búið til þess að sinna verkefnum sínum.

Samstarf Skógræktarfélags Kópavogs og Kópavogsbæjar hefur verið með ágætum undanfarin ár. Í fyrstu voru áherslur og lykilviðfangsverkefni skógrækt og landgræðsla með liðsinni ungmenna frá Vinnuskóla Kópavogs, nemendum úr framhaldsskólum og fólki frá velferðarsviði Kópavogs. Fjöldi þeirra sem koma til starfa undir handleiðslu Skógræktarfélags Kópavogs er misjafn milli ára og ræðst að miklu leyti af atvinnuástandi í samfélaginu á hverjum tíma.

Aðsókn að Guðmundarlundi hefur aukist jafnt og þétt og er áætlað að kringum 65 þúsund manns heimsæki lundinn ár hvert. Aðilar tengdir Kópavogsbæ, til að mynda starfsmenn og skólar, hafa nýtt sér þá aðstöðu sem Guðmundarlundur hefur upp á að bjóða í auknum mæli. Náttúruskóli hefur verið starfræktur vor og haust í Gamla húsinu og í Rauða húsinu er góð aðstaða fyrir til dæmis fundi, fræðslu og skemmtanir. Sem fyrr leggja fjölskyldur leið sína í lundinn, haldin eru ættarmót og félagasamtök eru með margskonar viðburði svo fátt eitt sé nefnt. Þessum vaxandi áhuga fögnum við hjá Skógræktarfélaginu og viljum gera allt sem í okkar valdi stendur til að svæðið verði til fyrirmyndar.


Þessum áhuga fylgja einnig skuggahliðar því ástandið í lundinum er oft mjög slæmt eftir óæskilegar næturheimsóknir. Á hverjum morgni árið um kring hefur Skógræktarfélagið mætt í Guðmundarlund til að tryggja að gestir lundarins fái að upplifa Guðmundarlund sem vistlegt og þrífalegt svæði án glerbrota og sorps á grasflötum og stígum. Þessar vaktir um helgar og kringum rauða daga samsvara yfir fjörutíu vinnudögum ár hvert. Stöðugt er jafnframt unnið að allskyns lagfæringum og endurbótum því eðlilega gefur margt eftir þegar fjöldinn sem sækir Guðmundarlund er eins og raun ber vitni.

Nokkur brýn verkefni eru aðkallandi á vettvangi Skógræktarfélagsins og má þar meðal annars nefna lagfæringu á Gamla húsinu sem meðal annars veitir skólabörnum skjól í fræðsluferðum, auk þess að vera kaffistofa og nýttast sumarstarfsmönnum Kópavogs. Fúi er í fótstykki hússins, kringum glugga og í neðri hlutum grindu og gólf geta fallið niður hvenær sem er. Þá leka þök á verkfærageymslun, grillhúsið þarfnast viðgerðar og útisalerni eru farin að láta á sig sjá. Lagfæringar þessu tengdu eru hafnar en ljóst er hins vegar að verkið mun reynast dýrt.

Fjárhagsstaða Skógræktarfélagsins telst varla sterk en er heldur ekki veik. Félagið hefur snúið við áður óásættanlegri fjárhagsstöðu hægt og bítandi síðastliðin ár. Það er markmið félagsins að eiga í sjóðum um 14 til 16 milljónir til að geta mætt ófyrirsjáanlegum aðstæðum en annað væri að mati stjórnar óábyrgt.

Um leið og Skógræktarfélag Kópavogs þakkar fulltrúum og starfsmönnum Kópavogsbæjar fyrir gott samstarf óskar félagið með bréfi þessu eftir því að samstarfssamningur við Kópavogsbæ frá árinu 2022 verði endurnýjaður og að fjárhæð styrks bæjarfélagsins verði 20 milljónir króna á ári til fimm ára sem hækki árlega er nemur vísitölu neysluverðs Hagstofunnar.

Fyrir hönd stjórnar Skógræktarfélags Kópavogs



Kristinn H. Þorsteinsson
Framkvæmdarstjóri